

## Yfirlit frjómælinga í Garðabæ sumarið 2022

Í Garðabæ hófust frjómælingar 22. mars og stóðu til 30. september, samtals í 193 daga. Frjókorn mældust frá 27 frjó- og gróhópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 1.870 frjó/m<sup>3</sup>. Einu sinni áður, árið 2021, hafa mælst svo fá frjókorn í Garðabæ.

Af þeim frjókornum sem helst valda ofnæmi á Íslandi voru 899 grasfrjó (48%), 284 birkifrjó (15%), 88 súrufrjó (5%) og 53 asparfrjó (3%) (1. mynd). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 440 (23,5%), þar af voru 170 greni/furufrjó (9%), 51 lyngfrjó (3%) og 47 starufrjó (2,5%). Algengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

**Fyrsta þekkt frjókornið** kom í gildruna þann 25. mars og var þar um elrifrjókorn að ræða.

**Asparfrjó** mældust fyrst þann 30. apríl og voru í lofti flesta daga næstu þrjár vikur á eftir, flest 9. maí eða 11 frjó/m<sup>3</sup>. Heildarfjöldinn var 53 frjó/m<sup>3</sup> sem er töluvert yfir meðaltalinu (36 frjó/m<sup>3</sup>).

1. tafla. Frjó- og grógerðir í Garðabæ sumarið 2022, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Frjó/m <sup>3</sup>
Gras	Poaceae	899
Birki	<i>Betula</i>	284
Fura / greni	Pinaceae	170
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	88
Ösp	<i>Populus</i>	53
Lyng	Ericales	51
Stör	<i>Carex</i>	47
Víðir	<i>Salix</i>	27
Rósaætt	Rosaceae	20
Yllir	<i>Sambucus</i>	17
Elri (Ölur)	<i>Alnus</i>	14
Belgjurtir	Leguminosae	14
Beitilyng	<i>Calluna</i>	10
Elfting	<i>Equisetum</i>	10
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	9
Brjóstagras	<i>Thalictrum</i>	9
Sóley	<i>Ranunculus</i>	8
Maðra	<i>Galium</i>	8
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	6
Fífill	Compositae	5
Körfulóm	Asteraceae	5
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	3
Hæra	Juncaceae	3
Einir	<i>Juniperus</i>	2
Mosi	<i>Sphagnum</i>	1
Netla	<i>Urtica</i>	1
Óþekkt/ógreind	incognito	106

**Birkifrjó** mældust alls 284 frjó/m<sup>3</sup> sem er langt undir meðaltali árána 2011–2021 (646 frjó/m<sup>3</sup>). Fyrsta birkifrjóíð mældist 21. apríl en eftir 16. maí mældust þau samfelt í 18 daga (95% af heildarfjöldanum). Birkifrjóin voru u.þ.b. viku fyrr á ferðinni í ár en vanalega. Hámark birkifrjóa var 22. maí þegar frjótalan fór í 68 frjó/m<sup>3</sup>.


**Grasfrjó** komu fyrst í gildruna 29. maí. Þau mældust síðan flesta daga til 11. september en mjög lítið eftir það. Heildarfjöldi grasfrjóa var 899 frjó/m<sup>3</sup> sem er vel undir meðaltali árána 2011–2021 (1.348 frjó/m<sup>3</sup>).

Mest var um grasfrjó í júní eða 367 frjó/m<sup>3</sup>, þau voru næstflest í júlí, 321 talsins, og í ágúst mældust 180 frjó/m<sup>3</sup>.

Þann 20. júlí voru flest grasfrjókorn í lofti eða 44 frjó/m<sup>3</sup>. Aldrei áður hefur mælst svo lág hámarksfrjótala eins dags.

**Súrufrjó** mældust fyrst 30. maí. Alls mældist 88 súrufrjó/m<sup>3</sup> sem er vel undir meðaltali sem er 108 frjó/m<sup>3</sup>, flest í júní. Frjótalan fór hæst í 6 frjó/m<sup>3</sup> þann 12. júlí.





1. mynd. Heildarfrjómag og skipting í helstu frjógerðir í Garðabæ 2011–2022.

Sumarið 2022 í Garðabæ var langt undir meðallagi hvað varðar heildarfrjómag (2. tafla). Aðeins einu sinni áður hafa mælst svo fá frjókorn í Garðabæ, það var árið 2021 þegar það mældist 1851 frjó/m<sup>3</sup>. Frjórikasti mánuður sumarsins var júní (711 frjó/m<sup>3</sup>) en september var sá rýrasti (31 frjó/m<sup>3</sup>). Mars er ekki talinn með, enda aðeins mælt frá 22. mars. Í öllum mánuðum nema maí mældust frjókorn undir meðallagi (2. tafla).

Hæsta samanlögð frjóntala mældist 22. maí (75 frjó/m<sup>3</sup>) en þann dag voru birkifrjó í hámarki. Frjókorn mældust í lofti nánast hvern dag frá 21. apríl til 11. september. Þau mældust fimm sinnum 50 frjó/m<sup>3</sup> eða fleiri, en fóru aldrei yfir 100 frjó/m<sup>3</sup>. Þetta sumar voru að jafnaði tæplega tíu frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts í Garðabæ en meðaltalið er 16 frjó/m<sup>3</sup>.

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands fór vorið sémilega af stað hér á höfuðborgarsvæðinu, mars og apríl voru óvenju hlýir en þó lítil sól og úrkomusamt. Maí var bæði hlýr og sólríkur og þar af leiðandi töluvert af frjókornum í lofti, flest birkifrjó.

Um sumarið (júní til september) var meðalhiti aðeins undir meðallagi síðustu tíu ára en úrkoma ásamt sólskinsstundum á höfuðborgarsvæðinu yfir meðallagi. Eins og sést í 2. töflu voru frjókornin undir meðallagi þessa fremur köldu og blautu sumarmánuði.

2. tafla. Fjöldi frjókorna í Garðabæ sumarið 2022 og meðaltal árunna 2011–2021.

Mánuður	2022	Meðaltal
Mars	2	6
Apríl	34	51
Maí	433	282
Júní	711	1.203
Júlí	428	944
Ágúst	231	452
September	31	54
<b>Samtals</b>	<b>1.870</b>	<b>2.989</b>

Í október 2022,  
Ellý Guðjohnsen

